



Frístundastyrkir barna í Hveragerðisbæ Reglur og skilyrði

1. grein Markmið og tilgangur.

Meginmarkmið frístundastyrks til barna í Hveragerði er að tryggja að öll börn og unglingar í bæjarfélaginu geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi og að foreldrum þeirra og forráðamönnum verði gert auðveldara að standa straum af þeim kostnaði sem af þátttökunni hlýst.

Frístundastyrkur er framlag Hveragerðisbæjar til greiðslu kostnaðar styrkþega vegna náms utan hefðbundins skólanáms, þátttöku í hverskonar barna- og unglingastarfi á vegum viðurkenndra félagasamtaka og tómstundastarfs.

Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttá-, lista- og tómstundastarfsemi.

2. grein Ákvörðun styrkuppþæðar.

Árlega ákveður bæjarstjórn Hveragerðisbæjar upphæð og greiðslu frístundastyrkja. Skal fjárveitingin koma fram í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs.

3. grein Skilyrði fyrir greiðslu styrks.

Að styrkþegi eigi lögheimili í Hveragerðisbæ og sé á aldrinum 0-18 ára, miðað við fæðingaár.

Að um skipulagt starf, kennslu eða þjálfun sé að ræða af viðurkenndum aðila sem lagt hefur fram upplýsingar um starfsemi sína til menningar- og frístundafulltrúa. Sem dæmi um slíkt má nefna: ungbarnasund, tónlistarnám, skátastarf, íþróttæfingar, leiklist, söngnám, leikjanámskeið, skólagarðar, sundnámskeið o.m.fl.

Styrkurinn getur aldrei numið hærri upphæð en þeirri sem kemur fram á framlögðum greiðslukvittunum.

4. grein Útborgun styrkjar

Foreldrar/forráðamenn greiða fyrir frístundastarf barna sinna. Þeir sem uppfylla ofangreind skilyrði skulu leggja fram á skrifstofu Hveragerðisbæjar frumrit greiðslukvittunar og fylla út umsóknareyðublað sem þar liggur frammi.

Innan fárra daga verður árlegur styrkur lagður inn á reikning viðkomandi foreldris/forráðamanns.

Þannig samþykkt á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 3. september 2015 og öðlast reglurnar þegar gildi.

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri